

Minnisblað

Til: Fræðslunefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 24. ágúst 2021
Mnr. 2020080061



ÍSAFJARÐARBÆR

Endurmat á skólastarfi og skólastefnu

Gerð var úttekt á rekstri, stjórnsýslu og fjármálum Ísafjarðarbæjar árið 2020 af HLH ráðgjöfum. Var ein af tillögum HLH ráðgjafa að skólastarf og skólastefna Ísafjarðarbæjar yrði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Lagt var til að stofnuð yrði þverfagleg nefnd um skólaþróun í sveitarfélaginu þar sem skólastefna verður endurskoðuð. Núverandi skólastefna er frá árinu 2017 og hélt þá starfsfólk skóla- og tómstundasviðs utan um þá vinnu.

Tillagan er því borin undir fræðslunefnd, með leyfi formanns, og þarf að ákveða hvort fara eigi í endurskoðun á skólastarfi og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Jafnframt þarf hún að taka ákvörðun um með hvaða hætti sú vinna fer fram. Vill fræðslunefnd fela starfsfólki skóla- og tómstundasviðs að halda utan um endurskoðunina? Eða vill hún fá verkefnastjóra til að annast vinnuna? Sér nefndin einhverja aðra fýsilegri leið?

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur til við fræðslunefnd að farið verði í að endurskoða skólastarf og skólastefnu Ísafjarðarbæjar og óskar eftir að nefndin segi til um hvernig vinnunni verði háttáð.

HG